


Kortagrunnur vegna sérverkefna OS

Skúli Víkingsson

Greinargerð SV-87/01

1987-01-28



Kortgrunnur vegna sérverkefna OS

Áætlað er að skila niðurstöðum úr sérverkefnum OS á kortum í 1:50000. Finna þarf hentugan grunn, helst berar hæðarlínur etc. án óæskilegra nafna og nets. AMS-kortin frá 1948-9 eru einu kortin sem til greina koma.

Þörfin

Samkvæmt upplýsingum frá FS um svæðin, snerta þau 55 kortblöð af AMS-kortaröðinni, en ef aðeins er tekið mið af mikilvægasta hluta svæðanna verður lágmarkið 29 kortblöð.

Hvað er til?

Á Teiknistofu OS eru til póstítifar filmur af öllum AMS-kortunum, þ. e. ein (svört) filma af hverju kortblaði, þar sem allt er með (hæðarlínur, ár og hnitnet). Þessar filmur eru, eins og öllum kunnugum er kunnugt, misjafnar að gæðum og oftast óhæfar til útgáfuparfa. - Ekkert er til af netlausum kortum, nema þá hjá einstökum starfsmönnum.

Á Landmælingum Íslands eru til póstítifar **prentfilmur** af brúna (hæðarlínur o.fl.) og bláa (ár, vötn o. fl.) litnum fyrir öll AMS-kortin. Af sumum eru til negatíf sem hafa verið búin til með því að leggja saman þessar póstítífu filmur og kópíera.

Hvað kemur til greina?

Filmur þær sem til eru á Teiknistofu OS koma ekki til greina, (hnitanetið er of sterkt og nöfn skrifuð á ameríska vísu). Þá er um tvennt að velja:

1) Fá tvær negatífar filmur af hverju korti, eina af bláu filmunni og aðra af þeirri brúnu. Þessar filmur yrðu síðan gataðar í "registri" og yrðu stofn að safni á Teiknistofu OS, en póstífar filmur gerðar eftir þörfum.

2) Fá eina póstífa filmu frá LÍ af hverju korti. Hún yrði þá gerð eftir negatífri filmu þar sem hún er til, en annars verður að byrja á því að búa hana til eftir póstífu prentfilmunum. Á þessari filmu væru þá ár, vötn og skraveringar (af bláu filmunni) og hæðarlínur og skraveringar (af brúnu filmunni). LÍ er að öllum líkindum tilbúna til að taka á sig kostnaðinn við gerð negatífu filmanna og halda þeim eftir.

Kostnaður

Hver filma kostar tæplega 1000 kr. Setja má kostnaðinn fram á 4 vegu, þ.e. hvort tekin verða 29 kort eða 55 annars vegar og hins vegar hvort farin yrði leið 1 eða 2 hér að ofan.

- 1) 55 kort * 2 filmur/kort * 1000.00 kr./filmur = 110000 kr.
29 kort * 2 filmur/kort * 1000.00 kr./filmur = 58000 kr.
- 2) 55 kort * 1 filma/kort * 1000.00 kr./filmur = 55000.
29 kort * 1 filma/kort * 1000.00 kr./filmur = 29000.

Hvað er til ráða?

Kostir við leið 1 eru eftirfarandi: 1) Registrering hefur ekki reynzt nógu góð í þeim filmum sem sagt er frá í lið 2 hér að ofan. 2) Lagður yrði grunnur að safni AMS-korta á OS á útgáfufæru formi, en hið endalusa grunnkortahallæri á stofnuninni veldur því að ýmis gögn, sem bezt eiga heima á korti í útgáfu, eru annað hvort sett fram á annan og verri hátt eða birtast hreinlega ekki. 3) Miklu auðveldara er að hreinsa grunnana, t.d. taka þurtu skraveringar sem eru á báðum filmum, en það er nánast óframkvæmanlegt ef leið 2 yrði valin.

Ókostir við leið 1 eru eftirfarandi: 1) Meiri kostnaður í bráð. 2) Meiri filmuvinna á OS í bráð.

Ef eingöngu er litið á það verk sem hér er til umræðu, er ekkert sem mælir gegn leið 2, nema registreringin, en það er að mínum dómi frágangssök.

Með virðingu og vinsemd

Skúli